

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Zimbabwe nr. 744/2015.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 2. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir varðandi Zimbabwe nr. 744/2015:

- 1.8 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/1924 frá 26. október 2015 um breytingu á ákvörðun 2011/101 (SSUÖ) um þvingunaraðgerðir gegn Zimbabwe, fylgiskjal 1.8.
- 1.9 Ákvörðun ráðsins 2016/220/SSUÖ frá 15. febrúar 2016 um breytingu á ákvörðun 2011/101/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Zimbabwe, fylgiskjal 1.9.
- 2.11 Reglugerð ráðsins (ESB) 2015/1919 frá 26. október 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 314/2004 um tilteknar þvingunaraðgerðir að því er varðar Zimbabwe, fylgiskjal 2.11.
- 2.12 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1921 frá 26. október 2015 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 314/2004 um tilteknar þvingunaraðgerðir að því er varðar Zimbabwe, fylgiskjal 2.12.
- 2.13 Reglugerð ráðsins (ESB) 2016/214 frá 15. febrúar 2016 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 314/2004 um tilteknar þvingunaraðgerðir að því er varðar Zimbabwe, fylgiskjal 2.13.
- 2.14 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/218 frá 16. febrúar 2016 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 314/2004 um tilteknar þvingunaraðgerðir að því er varðar Zimbabwe, fylgiskjal 2.14.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 29. apríl 2016.

Lilja Alfreðsdóttir.

Stefán Haukur Jóhannesson.

Fylgiskjal 1.8.**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2015/1924****frá 26. október 2015****um breytingu á ákvörðun 2011/101/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Zimbabwe**

I. og II. viðauka við ákvörðun 2011/101/SSUÖ er hér með breytt í samræmi við viðaukann við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=CELEX:32015D1924>.

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Fylgiskjal 1.9.**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2016/220****frá 15. febrúar 2016****um breytingu á ákvörðun 2011/101/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Zimbabwe**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 15. febrúar 2011 samþykkti ráðið ákvörðun 2011/101/SSUÖ ⁽¹⁾.
- 2) Ráðið hefur endurskoðað ákvörðun 2011/101/SSUÖ með hliðsjón af stjórnmalápróun í Zimbabwe.
- 3) Framlengja ætti þvingunaraðgerðirnar til 20. febrúar 2017.
- 4) Viðhalda ætti þvingunaraðgerðunum gagnvart sjö aðilum og einni rekstrareiningu sem fram koma í I. viðauka við ákvörðun 2011/101/SSUÖ. Endurnýja ætti tímabundna niðurfellingu þvingunaraðgerða gagnvart þeim fimm aðilum sem fram koma í II. viðauka við ákvörðun 2011/101/SSUÖ.
- 5) Breyta ætti ákvörðun 2011/101/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2011/101/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 10. gr. komi eftirfarandi:

„10. gr.

1. Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún er samþykkt.

2. Ákvörðun þessi gildir til 20. febrúar 2017.

3. Þær aðgerðir, er um getur í 1. mgr. 4. gr. og 1. og 2. mgr. 5. gr., skal, að því marki sem þær gilda um þá aðila sem eru á lista í II. viðauka, fella niður tímabundið til 20. febrúar 2017.

Endurskoða ber niðurfellinguna á þriggja mánaða fresti.

4. Ákvörðun þessi skal vera til stöðugar endurskoðunar og hana skal framlengja eða henni breyta, eftir því sem við á, telji ráðið að markmiðum hennar hafi ekki verið náð.“

- 2) Í stað I. viðauka komi texti I. viðauka við þessa ákvörðun.

- 3) Í stað II. viðauka komi texti II. viðauka við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 15. febrúar 2016.

Fyrir hönd ráðsins,

F. Mogherini

forseti.

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2011/101/SSUÓ frá 15. febrúar 2011 um þvingunaraðgerðir gegn Zimbabwe (Stjtið. ESB L 42, 16.2.2011, bls. 6).

I. VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=CELEX:32016D0220>.

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

II. VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=CELEX:32016D0220>.

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Fylgiskjal 2.11.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2015/1919**

frá 26. október 2015

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 314/2004 um tilteknar þvingunaraðgerðir
að því er varðar Zimbabwe**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð ráðsins (EB) nr. 314/2004 ⁽¹⁾ er nokkrum aðgerðum, sem kveðið er á um í ákvörðun ráðsins 2011/101/SSUÓ ⁽²⁾, komið til framkvæmda, þ.m.t. frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs tiltekinnna einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga og stofnana.
- 2) Hinn 26. október 2015 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÓ) 2015/1924 ⁽³⁾ sem fellir brott færslu um einn látinn einstakling úr I. og II. viðauka við ákvörðun 2011/101/SSUÓ.
- 3) Þessi aðgerð fellur undir gildissvið sáttmálans og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg til að hrinda henni í framkvæmd, einkum með það fyrir augum að tryggt sé að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti ákvæðum hennar með samræmdum hætti.
- 4) Hinn 26. október 2015 samþykkti framkvæmdastjórnin framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1921 ⁽⁴⁾ sem fellir brott færslu um einn látinn einstakling úr III. viðauka við reglugerð (EB) 314/2004.
- 5) Því ætti að breyta IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 314/2004 til samræmis við það.
- 6) Enn fremur þykir rétt að setja inn nýtt ákvæði til að uppfylla kröfur um vernd persónuupplýsinga.
- 7) Til þess að tryggja að þær aðgerðir sem kveðið er á um í reglugerð þessari skili árangri skal hún öðlast gildi daginn eftir að hún er birt.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi grein er felld inn í reglugerð (EB) nr. 314/2004:

„11. gr. a

1. Í III. viðauka skal tilgreina ástæður þess að viðkomandi einstaklingar eða lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir eru færð á lista.
2. Í III. viðauka skulu vera nauðsynlegar upplýsingar, ef þær liggja fyrir, til að bera kennsl á viðkomandi einstaklinga eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra, m.a. tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, þjóðerni, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef það er þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er varðar lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir geta þessar upplýsingar verið m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð.“

2. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 314/2004 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 26. október 2015.

Fyrir hönd ráðsins,

F. Mogherini

forseti.

⁽¹⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 314/2004 frá 19. febrúar 2004 um tilteknar þvingunaraðgerðir að því er varðar Zimbabwe (Stjtið. ESB L 55, 24.2.2004, bls. 1).

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins 2011/101/SSUÖ frá 15. febrúar 2011 um þvingunaraðgerðir gegn Zimbabwe (Stjtið. ESB L 42, 16.2.2011, bls. 6).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/1924 frá 26. október 2015 um breytingu á ákvörðun 2011/101/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Zimbabwe (Stjtið. ESB L 281, 27.10.2015, bls. 10).

⁽⁴⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1921 frá 26. október 2015 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 314/2004 um tilteknar þvingunaraðgerðir að því er varðar Zimbabwe (Stjtið. ESB L 281, 27.10.2015, bls. 5).

VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1458489630262&uri=CELEX:32015R1919>.

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Fylgiskjal 2.12.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1921**

frá 26. október 2015

**um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 314/2004 um tilteknar þvingunaraðgerðir
að því er varðar Zimbabwe**

III. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 314/2004 er hér með breytt eins og kemur fram í viðaukanum við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=CELEX:32015R1921>.

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Fylgiskjal 2.13.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2016/214****frá 15. febrúar 2016****um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 314/2004
um tilteknar þvingunaraðgerðir að því er varðar Zimbabwe**

IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 314/2004 er hér með breytt eins og kemur fram í viðaukanum við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

Viðaukinn eru birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=CELEX:32016R0214>.

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Fylgiskjal 2.14.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/218****frá 16. febrúar 2016****um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 314/2004
um tilteknar þvingunaraðgerðir að því er varðar Zimbabwe**

III. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 314/2004 er hér með breytt eins og kemur fram í viðaukanum við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

Viðaukinn eru birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=CELEX:32016R0218>.

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.